

Umsögn

um frv. til l. um ráðstafanir í ríkisfjármálum.

Frá minni hluta heilbrigðisnefndar

Að beiðni efnahags- og skattanefndar hefur heilbrigðisnefnd fjallað um frumvarp til laga um ráðstafanir í ríkisfjármálum eða þann hluta þess sem snertir málefnasvið nefndarinnar. Minni hluti nefndarinnar er andvígur þeim breytingum sem þar eru boðaðar á nýsettum lögum um sjúkratryggingar, nr. 112/2008, og fela í sér upptöku sérstaks gjalds við innlögn á sjúkrahús sem hingað til hefur verið kostuð af sjúkratryggingum.

Það er álit minnihluta nefndarinnar að breyting þessi komi ekki til með að skila hagræði eða jafnræði í heilbrigðisþjónustunni. Eins og frumvarpið er úr garði gert felur það í raun í sér opna heimild til heilbrigðisráðherra til þess bæði að leggja ný gjöld á sjúklinga og hækka þau sem fyrir eru. Í greinargerð með frumvarpi þessu er í umsögn fjárlagaskrifstofu fjármálaráðuneytis tekið fram að tekjur ríkissjóðs vegna upptöku innlagnargjalda á sjúkrahús séu áætlaðar um 360 m.kr. á næsta ári.

Á fundi nefndarinnar kom hins vegar fram að nýtt innlagnargjald muni líklegast verða að svipaðri fjárhæð og komugjöld sem nú eru innheimt á slysa- og bráðadeildum, eða um 4000 kr. Þannig muni upptaka gjaldsins ekki skila nema um 110 m.kr. á ársgrundvelli miðað við 32.000 innlagnir á ári. Það er því óútskýrt hvaðan viðbótartekjurnar, þ.e. um 250 m.kr., muni koma en reikna má með því að það verði með hækkun á öðrum sjúklingasköttum. Minni hlutinn bendir á að til viðbótar við hið nýja innlagnargjald og aðrar hækkunir sem vænta má á gjöldum fyrir sérfræðiþjónustu var, við 2. umræðu fjárlagafrumvarpsins, boðuð viðbótarhækkun á lyfjum til sjúklinga sem nemur á milli 700 og 800 m.kr. Er þar um að ræða hækkun um alls 320 m.kr. vegna breyttrar greiðsluþátttöku ríkisins í lyfjum og 410 m.kr. lækkun á þátttöku sjúkratrygginga í lyfjaútgjöldum með því að hækka lágmarksgjalds sjúkratryggðra fyrir lyf.

Fram kom hjá fulltrúum BSRB, Öryrkjabandalagsins og Alþýðusambandsins að samtökin hafi ályktað gegn frekari gjaldtöku á hendur sjúklingum. Fulltrúar Öryrkjabandalagsins töldu gjaldtökuna verulega íþyngjandi fyrir skjólstæðinga sína til viðbótar við launalækkun, atvinnumissi og annan niðurskurð í velferðarþjónustunni.

Það er því mat minni hluta nefndarinnar að með þessari nýju gjaldtöku sé stigið varasamt skref og að mögulegt sé að ná þeim tekjum sem innlagnargjaldinu er ætlað að skapa með hagræðingu og endurskipulagningu innan sjúkrastofnananna enda virðist ljóst að gjaldið muni aðeins skila um 110 m.kr. til ríkissjóðs á ársgrundvelli. Fyrirsjáanlegar virðast því vera ýmsar óútskýrðar og frjálsar hækkunir til þess að ná fram þeim 360 m.kr. tekjum sem frumvarpið gerir ráð fyrir. Telur minni hluti nefndarinnar umræddar breytingar á lögum um sjúkratryggingar óásættanlegar með vísan til þess sem hér kemur fram.

Alþingi 17. des. 2008.

Álfheiður Ingadóttir,
Þuríður Backman,
Eygló Harðadóttir